

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2004

Óskað hefur verið eftir að ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur veiti umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu (þskj. 1090 – 734. mál).

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur er skipuð af forsætisráðherra í samræmi við ákvæði laga nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur og reglugerð nr. 812/1999 um eftirlitsreglur hins opinbera. Nefndin skal vera til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera. Starf nefndarinnar skal miða að því að eftirlit á vegum hins opinbera sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er fyrir þau fyrirtæki og einstaklinga sem eftirlitið beinist að og fyrir hið opinbera. Þá skal nefndin gæta þess að opinberar eftirlitsreglur séu í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 27/1999, sem kveður á um að þegar eftirlitsreglur séu samdar eða stofnað er til opinbers eftirlits skuli viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því.

Frumvarp það sem hér um ræðir „miðar aðallega að því að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001, um öryggi vöru“, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu. Ekki er að finna í greinargerð eða fylgigögnum upplýsingar um að frumvarpið hafi sætt mati skv. 3. gr. laga nr. 27/1999.

Í frumvarpinu er að finna nýmæli um á hvern hátt unnt verður að nota staðla og önnur leiðbeiningarskjöl sem grundvöll til ákvörðunar um öryggi og heilbrigði vöru. Eftir samþykkt laga þessara verður unnt að meta öryggi og heilnæmi vöru sem sérlög ná ekki til á grundvelli ákvæða í sérstökum evrópskum stöðlum o.s.frv. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir notkun alþjóðastaðla í þessum tilgangi. Þetta getur haft í för með sér að minni þörf verði fyrir setningu sérreglna um einstakar vörur. Það er því nauðsynlegt að Löggildingarstofu verði tryggð nægjanleg aðföng til þess að annast nauðsynlegt eftirlit samkvæmd lögum þessum og samræmingu við önnur stjórnvöld enda ná lögin til vöru sem nú er eingöngu undir eftirliti annars eftirlitsstjórnvalds. Í því sambandi er rétt að benda á skyldur Íslands skv. EES samningnum.

Ráðgjafarnefndin tekur fram að sú tilskipun sem hér er verið að innleiða er grundvallartilskipun á sviði vöruöryggis og hefur í för með sér ýmis athyglisverð nýmæli. Ýmis atriði í frumvarpinu eru óljós um nokkur grundvallaratriði og þarfnast frekari umræðu. Nefna má í því sambandi eftirfarandi:

1. Í frumvarpinu er farin sú leið að vikka út gildissvið laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og fella þjónustuviðskipti undir gildissvið laganna.


Þetta er gert, þrátt fyrir að umrædd tilskipun taki ekki til þjónustuviðskipta, með vísan til þess að í Finnlandi og Svíþjóð hafi þessi leið verið farin, en jafnframt er tekið fram að unnið sé að undirbúningi löggjafar af þessum toga á vettvangi Evrópusambandsins. Því sé „nauðsynlegt að gildissvið íslenskra laga um almennt vöruöryggi nái einnig til þjónustu og þar með sé tryggt að hér á landi verði unnt að fylgja eftir þróuninni á þessu sviði“. Engin rök eru hins vegar færð fyrir því hvers vegna þessi nauðsyn er fyrir hendi á Íslandi, en ekki í þeim EES-ríkjum sem ekki virðast hafa farið svipaða leið, eða hvaða hagsmunamat liggur að baki þessu álitu. Innan Evrópusambandsins er langt í frá einhugur um setningu samræmdar löggjafar á þessu sviði og er nú gert ráð fyrir að gera úttektir innan aðildarríkjana um nauðsyn setningu samræmdrar löggjafar á þessu sviði. Þá virðast fáar umkvartanir hafa komið fram á grundvelli ákvæða um öryggi þjónustu í þeim löndum þar sem þessar kröfur er að finna.

2. Útvíkkun á gildissviði tilskipunarinnar yfir á svið þjónustuviðskipta veldur því að frumvarpið er tilkynningarskylt sem möguleg óheimil tæknileg viðskiptahindrun á sviði fjarþjónustu, skv. 5. gr. laga nr. 57/2000, sbr. tilskipun 98/34/EB áður en lögin taka gildi.
3. Athuga þarf betur tilvísun til alþjóðlegra staðla í 8. gr. frumvarpsins.
4. Skilgreiningar um tilnefnda/tilkynnta aðila þarfnast yfirferðar og samræmingar við skilgreiningar á EES svæðinu ásamt tilheyrandi breytingum á skýringum um hlutverk.
5. Athuga þarf hvort seta tilnefndra/tilkynnta aðila í samvinnunefndum um markaðseftirlit, sem gert er ráð fyrir í 13. gr. frumvarpsins, samræmist kröfu um hlutleysi þeirra á EES svæðinu.
6. Athuga þarf hlutverk sem tilnefndum/tilkynntum aðilum er ætlað í frumvarpinu við að yfirfara samræmisyfirlýsingar þar sem tilskipun ESB gerir ekki ráð fyrir að tilnefndir/tilkynntir aðilar gegni neinu hlutverki.
7. Nauðsynlegt er að gera nánari grein fyrir aukinni og nýrri notkun Evrópustaðla sem þátt í setningu opinberra eftirlitsreglna og þátttöku stjórnvalda í gerð staðla.
8. Gildissvið frumvarpsins þarf að skilgreina betur. Sem dæmi þá nær tilskipun Evrópusambandsins um vöruöryggi ekki til matvæla, enda tekur ný reglugerð sambandsins að fullu á þeim málaflokki. Í skýringum með frumvarpinu er hinu gagnstæða haldið fram. Umfang væntanlegra laga þarf því að skýra nánar.
9. Rétt er að benda á að tilskipunin gerir ráð fyrir að vörur sem notaðar eru við veitingu þjónustu falli undir ákvæði hennar. Hér getur t.d. verið um að ræða leiktæki, vörur notaðar í heilsustöðvum, háralit sem hárgreiðslumeisatri notar o.s.frv. Þetta þarfnast frekari umfjöllunar.
10. Ekki verður séð að frumvarpið skerpi á nauðsyn þess að framkvæma skipulegt markaðseftirlit í samræmi við tilskipunina, en eitt af meginmarkmiðum með breytingu hennar er einmitt að festa framkvæmd og samvinnu um markaðseftirlit betur í sessi. Því er ljóst að kostnaður við framkvæmd laga skv. frumvarpinu er mjög varlega áætlaður í umsögn fjármálaráðuneytisins.
11. Verði frumvarp þetta að lögum er ljóst að það mun hafa áhrif á framkvæmd annarra laga sem falla undir svokallaða ný aðferð. Hér er t.d. um að ræða rafmagnsvörur, leikföng, byggingarvörur og vélar. Nauðsynlegt er að tryggja að framkvæmd laganna hafi ekki í för með sér óþarfa byrði fyrir framleiðendur, seljendur og neytendur. Aukin samræming og samþætting við

framkvæmd markaðseftirlits er því mikilvæg við innleiðingu tilskipunarinnar. Rétt væri að væntanleg lög taki á þessum þætti sérstaklega.

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur telur nauðsynlegt að fram fari mat á þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur auk þess sem ofangreind atriði verði tekin til athugunar.

Virðingarfyllt,
f.h. ráðgjafarnefndarinnar


Halldór Arnason, formaður

Afrit: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.